

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

Stofnað 28. apríl 1945

54. þing ÍBH
Skýrsla 2023 – 2024



Haldið þriðjudaginn 27. maí 2025
í samkomusal Ásvalla Hafnarfirði.



Efnisyfirlit

1. Efnisyfirlit.
2. Ávarp formanns.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Reikningar ÍBH 2023 og 2024.
5. Reikningar Afrekssjóðs ÍBH 2023 og 2024.

Ávarp formanns ÍBH

Ágætu þingfulltrúar.

Í upphafi þings ÍBH er vaninn að vera með stutta samantekt frá síðasta þingi sem var haldið 11. maí 2023 í Hásölum í Hafnarfirði. Íþróttastarfið er núna loksins orðið eðlilegt eftir kórónuveirufaraldurinn. Umfang og fjöldi úthlutana Afrekssjóðs ÍBH á árinu 2024 bera þess m.a. glökkt vitni.



Í janúar 2023 voru íbúar Hafnarfjarðar 29.806. Félagsmenn íþróttafélaganna í Hafnarfirði voru í lok ársins 2023 20.559. Aðildarfélög ÍBH voru skráð með 16.337 iðkanir á árinu 2023 en þeim hafði fjölgað um 1659 frá árinu 2022 eða um 11.3 %. Líkleg skýring á fjölgun er aukning iðkenda / iðkana eftir kórónuveirufaraldurinn. Á landsvísu er ÍBH þriðja stærsta íþróttahéraðið út frá fjölda iðkanna, næst fjölmennast er UMSK sem nær yfir fimm sveitarfélög og fjölmennast er ÍBR, höfuðborgin Reykjavík.

Frá síðasta þingi voru stofnuð þrjú ný íþróttafélög í Hafnarfirði.

Aðildarumsókn Krikketklúbbs Hafnarfjarðar var samþykkt í stjórn ÍBH 8. maí 2024, Skautafélag Hafnarfjarðar var samþykkt inn í ÍBH 4. september 2024 og Pílukastfélag Hafnarfjarðar fékk aðildarumsókn sína inn í ÍBH samþykkt 6. nóvember 2024.

Á síðasta þingi ÍBH 2023 var samþykkt að næstu íþróttamannvirki fyrir félög og í bænum yrðu, hentugt húsnæði fyrir Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar til kaups eða leigu, ný æfingaraðstaða fyrir Brettafélag Hafnarfjarðar, 27 holu golfvöllur fyrir Golfklúbbinn Setberg í samstarfi við Golfklúbbinn Keili og önnur íþróttafélög í Hafnarfirði, íþróttahús fyrir Fimleikafélagið Björk og samþykkti þingið sérstaka ályktun um þessi fjögur verkefni.

Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar skipaði starfshóp um Golfklúbbinn Setberg, framtíðarsvæði þann 9. janúar 2025, en hann skipa Ágúst Bjarni Garðarsson, Ólafur Ingi Tómasson og Guðmundur Árni Stefánsson.

Hafnarfjarðarbær hefur haldið áfram með viðhald á íþróttamannvirkjum bæjarins sem ber að þakka fyrir.

Afrekssjóður ÍSÍ sem er fjármagnaður af ríkinu var rúmar 541 milljónir 2023 og rúmar 521 milljónir 2024. Hann lækkar milli ára en kostnaður fyrir íþróttahreyfinguna hækkar á milli ára. Kostnaðarþátttaka keppenda eða félaga við afreksverkfni er ennþá töluverð.

Ferðasjóður íþróttafélaga sem er fjármagnaður af ríkinu og er ætlaður til stuðnings keppnisferðum innanlands var 123,9 milljónir bæði árin 2023 og 2024 og lækkaði lítillega frá árinu 2022. Umsóknargátt sjóðsins er opin í u.þ.b. mánuð á ári og eru félög hvött til að kynna sér sjóðinn og sækja um.

Íþróttabandalagið í Hafnarfirði sótti þing Ungmennafélags Íslands í október 2023 í fyrsta skipti sem fullgildur aðili að UMFÍ.

Fyrir þing ÍBH taka stjórn ÍBH og aðildarfélög ÍBH saman hagsmunamál sín í aðdraganda þingsins og bera þau fram til umræðna, jafnvel breytinga og samþykktar. Þing ÍBH er bæði æðsta stjórnvald og aðalfundur bandalagsins. Þingið mótar einnig íþróttastefnuna í Hafnarfiðri til næstu ára í samvinnu við allar íþróttagreinar sem iðkaðar eru innan Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Að lokum er vert að nefna það við alla sem taka þátt í nefndar- og þingstörfum, að vinna að heilindum, huga að heildinni við ákvarðanatöku og taka tillit til sérhagsmuna einstakra íþróttagreina og félaga. Allar íþróttagreinar og starfsemi þeirra er jafn mikilvæg.

Forystufólk í íþróttahreyfingunni eru fyrirmyndir sem oft á tíðum bera mikla ábyrgð sem þeim ber að fara vel með.

Fyrir þinginu liggja áhugaverð verkefni og eru þingfulltrúar hvattir til fagmennsku og samvinnu svo viðunandi niðurstöður náist um þau mál sem þinginu ber að afgreiða.

Ég býð ykkur velkomin á 54. þing ÍBH.

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH.

Skýrsla stjórnar ÍBH 2023 - 2024

Þing ÍBH 2023

Fór fram fimmtudaginn 11. maí 2023 í Hásölum safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju. 68 fulltrúar tóku þátt í þinginu auk gesta. Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH setti þingið. Þingforsetar voru Steinn Jóhannsson og Valdimar Svavarsson. Dagskrá og samþykktir þingsins má sjá í þinggerð sem er á heimasíðu ÍBH, <https://ibh.is>, starfsemi, þinggerðir.





Stjórn ÍBH

Átta fulltrúar voru kjörnir í stjórn ÍBH 2023 til tveggja ára. Formaður ÍBH er kosinn sér til tveggja ára í senn.

Á myndinni eru frá vinstri, Hrafnkell, Ragnar, Hildur, Aðalbjörg, Már, Magnús, Anna Lilja, Arnfríður Kristín og Viðar.

Starfstímabilið 2023 – 2025 skipuðu eftirtaldir stjórn ÍBH:

Hrafnkell Marinósson formaður.

Aðalmenn:

Aðalbjörg Óladóttir (Sundfélag Hafnarfjarðar) varaformaður.

Anna Lilja Sigurðardóttir (Badmintonfélag Hafnarfjarðar) meðstjórnandi.

Arnfríður Kristín Arnardóttir (Brettafélag Hafnarfjarðar) ritari.

Hildur Vilhelmsdóttir (Fimleikafélagið Björk) meðstjórnandi.

Magnús Gunnarsson (Knattspyrnufélagið Haukar) meðstjórnandi.

Már Sveinbjörnsson (Golfklúbburinn Keilir) meðstjórnandi.

Ragnar Hilmarsson (Siglingafélagið Hafliði) gjaldkeri.

Viðar Halldórsson (Fimleikafélag Hafnarfjarðar) meðstjórnandi.

Stjórnin hefur haldið 19 fundi frá síðasta þingi ÍBH.

Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri situr og undirbýr alla fundi stjórnar.



Skipulag ÍBH

Starfsemin skiptist upp í þrjú megin svið, Íþrótt- og fræðslusvið, Afrekssvið og Fjárhags- og rekstrarsvið. Skipaðir eru vinnuhópar / nefndir innan sviða þegar stjórn ÍBH ákveður að vísa málum til sviða til nánari vinnslu.

Á tímabilinu voru skipaðar sjö nefndir innan stjórnar ÍBH.

Nefnd um íþróttakynningar og samfélagsmiðla, hana skipuðu, Hrafnkell Marinósson, Aðalbjörg Óladóttir, Ragnar Hilmarsson og Anna Lilja Sigurðardóttir. Nefnd um hreyfipjálfun aldraðra, í henni voru, Viðar Halldórsson og Már Sveinbjörnsson. Nefnd um fjármögnun íþróttafélaga, hana skipuðu, Ragnar Hilmarsson, Arnfríður Kristín Arnardóttir, Viðar Halldórsson og Magnús Gunnarsson. Nefnd um viðbragðsteymi íþróttafélaga í Hafnarfirði, í henni voru, Magnús Gunnarsson og Hildur Vilhelmsdóttir. Nefnd um Fyrirmyndarfélag ÍSÍ / Fyrirmyndarhérað ÍSÍ, hana skipuðu, Anna Lilja Sigurðardóttir og Arnfríður Kristín Arnardóttir. Nefnd um samskipti ÍSÍ og UMFÍ, í henni voru Hrafnkell Marinósson, Aðalbjörg Óladóttir, Ragnar Hilmarsson og Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH. Tillaga um laganefnd ÍBH, Guðrún Bergsteinsdóttir, Hafnsteinn Þórðarson og Guðrún Sveinsdóttir.

Tímaúthlutun

Tímaúthlutun 2023 – 2024 og 2024 - 2025. Allir flokkar viðurkenndra íþróttagreina sem þurfa tíma í íþróttamannvirkjum hafa verið skilgreindir í samvinnu við viðkomandi deild / félag. ÍBH kallar eftir umsóknum íþróttafélaga um tíma í íþróttamannvirkjum og tilgreinir ákveðinn skiladag, deildir / félög sækja um æfingatíma fyrir áætlaðann fjölda iðkenda, hvers íþróttaflokks á þeirra vegum sem hefur verið skilgreindur innan viðkomandi deildar / félags. ÍBH reiknar út tíma fyrir áætlaðann fjölda iðkenda í ákveðið rými fyrir hvern æfingaflokk. ÍBH skiptir þeim tímum sem til ráðstöfunar eru á milli félaganna út frá umsóknum þeirra, jafnræðis er gætt með dreifingu góðra, meðal góðra og slakra tíma til



félaga. Ef tímafjöldi umsókna félaga er hærri en sá tímafjöldi sem til ráðstöfunar er, skerðist hlutur allra hlutfallslega.

Tímaúthlutunarreglurnar eru endurskoðaðar árlega. Að mati stjórnar ÍBH var ekki talin þörf á því að breyta vinnureglum ÍBH um tímaúthlutun fyrir tímabilið 2023 – 2024. Fyrir tímabilið 2023 – 2024 voru eftirtaldir aðilar tilnefndir af aðildarfélögum í tímaúthlutunarnefnd ÍBH, í henni sátu, Sigurður Freyr Bjarnason Fimleikafélagið Björk, Atli Már Sigurðsson Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar, Magnús Gunnarsson Knattspyrnufélagið Haukar, Davíð Þór Viðarsson Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Helgi Kristinn Guðbrandsson Bogfímifélaginu Hróa Hetti og Brynhildur Hlín Eggertsdóttir Blakfélagi Hafnarfjarðar.



Sumarúthlutun íþróttasalir 2023. Tímar frá Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar hafa farið beint til félaganna sem nota og reka viðkomandi mannvirki. Haukar fá úthlutun á Ásvöllum, FH fær úthlutun í Kaplakrika, í Íþróttamiðstöðinni Björk fá Björk fimleikasal, Mínervusal, DÍH samkomusal og Björk og DÍH hafa skipt á milli sín Andrasal í hlutföllum 20 tímar (Björk) og 4 tímar (DÍH). Afrekspör DÍH fengu til viðbótar að dansa í Sjónarhól Kaplakrika.



Ákveðið var að gera samkomulag milli aðildarfélaga ÍBH um tímaúthlutun í íþróttasölum vetrartímabil 2023 - 2024 og er það eftirfarandi, aðildarfélög ÍBH fá sömu úthlutun og þau voru með á vetrartímabili 2022 - 2023 en með eftirfarandi breytingum, í íþróttahúsi Hraunvallaskóla Bogfímifélagið Hrói Höttur fór úr 10 tímum í 11 tíma, í íþróttahúsi Setbergsskóla fór Blakfélag Hafnarfjarðar úr 6 tímum í 10 tíma, í íþróttahúsi Víðistaðaskóla fór Blakfélag Hafnarfjarðar úr 12 tímum í 17 tíma. Hafnarfjarðarbær samþykkti að leigja Sjónarhól Kaplakrika á mánudögum og miðvikudögum kl. 16.00 – 20.00 fyrir DÍH, í staðinn sleppti DÍH tímum á miðvikudögum og fimmtudögum í Andrasal í Íþróttamiðstöðinni Björk. Frá hausti 2023 notaði körfuknattleiksdeild Haukar íþróttahús Skarðshlíðarskóla á mánudögum kl. 16.30 – 18.30. Sumarúthlutun knattspyrnuvellinga 15. maí 2023 – 15. september 2023, ákveðið að gera með sér samkomulag sem var þannig að FH notaði knattspyrnumannvirki í Kaplakrika, Haukar notuðu knattspyrnumannvirki á Ásvöllum og félögin skiptu með sér tveimur knattspyrnuvöllum við Hvaleyrarvatn, Hamranesvelli þannig að Haukar fengu 24 tíma og FH fékk 52 tíma á viku. Bogfímifélagið Hrói Höttur fékk völlinn til bogfímiæfinga mánudaga til fimmtudaga frá kl. 20.00-22.00 og föstudaga kl. 19.00-22.00, allan sunnudaginn og fyrir kl. 16.00 alla virka daga. Knattspyrnudeildarnar óskuðu eftir því að ekki væru bogfímiæfingar um leið og knattspyrnuæfingar.

Vetrarúthlutun knattspyrnuvelli 1. október 2023 til 30. apríl 2024, ákveðið að gera samkomulag milli félaga, í Skessunni fékk FH fékk 24,5 tíma, Haukar fengu 10,5 tíma, 18 tímar voru síðan áætlaðir sem fjármögnunartímar, FH fékk einnig knatthúsið Risann og knatthúsið Dverginn og Haukar notuðu einir gervigras Ásvalla.

Tímabilið 2023 – 2024 voru SH og Fjörður voru með sömu tíma og árið áður í sundlaugum Hafnarfjarðarbæjar.



Fyrir tímabilið 2024 – 2025 voru eftirtaldir aðilar tilnefndir af aðildarfélögum í tímaúthlutunarnefnd ÍBH, Hlín Benediktsdóttir Fimleikafélagið Björk, Atli Már Sigurðsson Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar, Magnús Gunnarsson Knattspyrnufélagið Haukar, Viðar Halldórsson Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Helgi Kristinn Guðbrandsson Bogfímifélagið Hrói Höttur og Sigrún María Guðjónsdóttir Blakfélag Hafnarfjarðar.

Tímaúthlutunarreglurnar eru endurskoðaðar árlega. Að mati stjórnar ÍBH var ekki talin þörf á því að breyta vinnureglum ÍBH um tímaúthlutun fyrir tímabilið 2024 – 2025.

Sumarúthlutun íþróttasalir 2024. Tímar frá Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar hafa farið beint til félaganna sem nota og reka viðkomandi mannvirki. Haukar fá úthlutun á Ásvöllum, FH fær úthlutun í Kaplakrika, í Íþróttamiðstöðinni Björk fá Björk fimleikasal, Mínervusal, DÍH samkomusal og Björk og DÍH hafa skipt á milli sín Andrasal í hlutföllum 20 tímar (Björk) og 4 tímar (DÍH). Afreksþör DÍH fengu til viðbótar að dansa í Sjónarhól Kaplakrika.


Tímaúthlutun sumar 2024 knattspyrnuvelli, gert var samkomulag þess efnis að FH var í sínum mannvirkjum í Kaplakrika og Haukar voru í sínum mannvirkjum á Ásvöllum.

Hvorki FH eða Haukar notuðu Hamranesvöllinn sumarið 2024, þar fóru fram bogfimiæfingar og bogfimikeppnir. Auk þess fengu lið Krikketsklúbbs Hafnarfjarðar 10 leikadaga á Hamranesvelli sumarið 2024.

Ákveðið var að gera samkomulag milli aðildarfélaga ÍBH um tímaúthlutun í íþróttasölum vetrartímabil 2024-2025 og er það eftirfarandi, aðildarfélög ÍBH fá sömu úthlutun og þau voru með á vetrartímabili 2023-2024 en með eftirfarandi breytingum, Blakfélag Hafnarfjarðar fór úr 8 tímum í íþróttahúsi Setbergsskóla í 16 tíma, Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar fékk enga tíma í íþróttahúsi Setbergsskóla. Fimleikafélagið Björk fékk allan Andrasal í Íþróttamiðstöðinni Björk og Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar fór alfarið úr þeim sal og fékk í staðinn 14 tíma í Sjónarhól í Kaplakrika. Karatedeild Hauka færðist í sal í Ásvallalaug úr samkomusal Hauka. Tímaúthlutun knattspyrnuvelli 1. október 2024 – 31. desember 2024, ákveðið var að gera samkomulag til áramót sem var þannig að Haukar væru á gervigrasi Ásvalla og FH væri í Skessunni, Risanum og Dvergnum, auk þess var reiknað með því að FH gæti nota 36 tíma á viku á nýju hybrid grasi í október og nóvember 2024. Aðilar sammála um að ræða framhald af vetrarúthlutun knattspyrnuvalla 2024 – 2025 frá janúar 2025 í lok árs 2024.

Fræðslu- og forvarnarmál

ÍSÍ er í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands og UMFÍ varðandi ráðstefnur og fræðslufyrirlestra. ÍSÍ og UMFÍ senda ÍBH allar upplýsingar um þjálfaramenntun, fræðslufyrirlestra og ráðstefnur sem ÍBH áframsendir til aðildarfélaga sinna samkvæmt póstlistum sem skrifstofa ÍBH er með. Aðildarfélögin verða síðan að senda póstinn áfram til stjórnarfólks og þjálfara í félögunum. ÍSÍ er sífellt að auka fræðsluefni á heimasíðu sinni, www.isi.is, undir flípanum fræðsla, þar er m.a. hægt að nálgast alla fræðslubæklinga rafrænt og horfa á fyrirlestra á vimeósíðu. UMFÍ er með upplýsingar um fræðsluefni sitt á heimasíðu sinni www.umfi.is, undir verkefni og útgáfa. Flest aðildarfélög ÍBH eru með heimasíður með upplýsingum um starfsemi þeirra. ÍH, Bílklúbbur Hafnarfjarðar, Blakfélag Hafnarfjarðar, Tennisfélag Hafnarfjarðar og Sambo 80 eru með Facebooksíður. Undir flípanum aðildarfélög á heimasíðu ÍBH er hægt að komast inn á heimasíður og samfélagsmiðla félaganna.



Fræðslufundir og ráðstefnur.

Bjartur lífsstíll – heilsuefning eldra fólks - fjarfundur 26. janúar 2023.

Ráðstefna um íþróttir á RIG 1. og 2. febrúar 2023. Þjálfun afreksíþróttafólks, íþróttir barna og ungmenna og stjórnun íþróttafélaga. Haldin af ÍSÍ, UMFÍ, HR og ÍBR.

Hádegisfundur 9. mars 2023 um styrktarþjálfun afreksíþróttamanna. Haldinn í Háskólanum í Reykjavík, fyrirlesari Clive Brewer.

Heilahrístingsráðstefna – haldin af fræðslunefnd félags sjúkraþjálfara, Háskólanum í Reykjavík og Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands 28. – 29. apríl 2023.

Ráðstefna um hreyfiúrræði 60+ fyrir skipuleggjendur og þjálfara (Bjartur lífsstíll) haldin 16. maí 2023 í Háskólanum í Reykjavík.

Hádegisfyrirlesur í Háskólanum í Reykjavík um Performing well at the Olympics: Mental toughness and beyond. Fyrirlesarar dr. Daniel Gould og dr. Robert Weinberg haldinn 31. ágúst 2023.

Fyrirlestur – Lærðu að vera í lagi 19. september 2023. Hafnarfjarðarbær. Bæjarbíó. Partur af Íþróttavíku Evrópu.

Ungmennaráðstefna UMFÍ – Ungt fólk og lýðræði – Að jörðu skalt þú aftur verða 22. – 24. september 2023 Reykjum í Hrútafirði.

Ráðstefna Sýnum karakter – Sálfræði og íþróttir, haldin af HR, ÍSÍ og UMFÍ. 28. september 2023.

Ráðstefna Vinnum gullið – ný stefna í afreksíþróttum á Íslandi haldin í Hörpu 20. nóvember 2023 af mennta- og barnamálaráðuneytinu, í samstarfi við ÍSÍ, UMFÍ og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Málþing um verndun og velferð í íþróttum 12. og 13. apríl 2024 fyrir alla íþróttahreyfinguna haldið af Fimleikasambandi Íslands (FSÍ).

Kynningarfundur: Áfram Ísland – samvinna til árangurs, kynning á stóreflingu íþróttastarfs, haldinn 30. apríl 2024 í Laugardalshöll af mennta- og barnamálaráðuneytinu og ÍSÍ.

Tilkynning um að fræðsluvefsíðan 5C væri opnuð 5. júní 2024, síðan er um sálfræðilega færnipjálfun eftir hugmyndafræði 5C, en hugmyndafræðin er þróuð af prófessor Chris Harwood íþróttasálfræðingi, <https://5c.is>.

Fyrirlestur. Hvernig getur gervigreind nýst afreksíþróttafólki í íþróttum? Haldinn 4. nóvember 2024 af íþróttamannanefnd ÍSÍ.

Forvarnir og fræðsla um kynferðisofbeldi haldið 6. og 7. nóvember 2024 fjarnámskeið haldið af Barnaheill.

Málþing um hreyfingu
60 ára og eldri 19.
nóvember 2024 haldið
í Borgarnesi af ÍSÍ og
fleiri aðilum.




Fræðslubæklingar

Í október 2024 var vakin athygli á nýju fræðsluefni um hinsegin börn og ungmenni í íþróttatímstunda- og æskulýðsstarfi.

Myndin er af heimasíðu ÍSÍ.




Könnun 8. – 10. bekkur 2023.




Mynd 3. Hafnarfjörður - Þróun yfir tíma í ölvun, daglegum reykingum og kannabis á meðal nemenda í 8. bekk.

Könnun 8. – 10. bekkur 2023.




Mynd 2. Hafnarfjörður - Þróun yfir tíma í ölvun, daglegum reykingum og kannabis á meðal nemenda í 9. bekk.

Könnun 8. – 10. bekkur 2023.




Mynd 1. Hafnarfjörður - Þróun yfir tíma í ölvun, daglegum reykingum og kannabis á meðal nemenda í 10. bekk.

Könnun 8. – 10. bekkur 2023.



Mynd 8. Hlutfall stráka og stelpna í 8., 9. og 10. bekk sem segjast drekka orkudrykki á hverjum degi, árin 2020 til 2023.

Könnun 8. – 10. bekkur 2023.



Afrekssjóður ÍBH

Afrekssjóður er skipaður þremur mönnum frá ÍBH og tveimur frá Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar. Árið 2023 var stjórn Afrekssjóðs skipuð eftirtöldum einstaklingum, frá ÍBH, Aðalbjörg Óladóttir formaður, Ragnar Hilmarsson gjaldkeri og Sýlvía Ósk Speight ritari. Frá Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar (ÍTH) Einar Gauti Jóhannsson Framsóknarflokk og Sigurður Pétur Sigmundsson Samfylkingunni. Árið 2024 kom Hildur Vilhelmsdóttir inn sem ritari fyrir Sýlvíu Ósk og Erlingur Örn Árnason kom inn fyrir Framsóknarflokkinn í staðinn fyrir Einar Gauta. Afrekssjóður ÍBH starfar eftir reglugerð sem er endurskoðuð árlega. Hafnarfjarðarbær leggur sjóðnum til fjármuni til styrktar afreksstarfi íþróttafélaganna. ÍBH leggur sjóðnum einnig til fjármuni árlega sem þing ÍBH ákveður hverju sinni þrjú ár í senn. Sækja þarf um styrki til skrifstofu ÍBH í rafrænni umsóknargátt á heimasíðu ÍBH innan tveggja mánaða frá því að ferð er farin. Skrifstofa ÍBH úthlutar styrkjum um leið og verkefnum er lokið að því tilskyldu að skrifstofa ÍBH hafi fengið öll gögn varðandi verkefnið. Hlutverk Afrekssjóðs ÍBH er að vinna eftir reglugerð um sjóðinn en undir hana falla eftirtaldir liðir, úthlutun afreksstyrkja til unglunga og ungmenna vegna þátttöku á EM, HM og ÓL verkefnum, úthlutun afreksstyrkja í fullorðinsflokki til einstaklinga vegna þátttöku í EM, HM og Ólympíuleikum / Paralympics í efsta flokki, úthlutun til liða vegna Evrópukeppni félagsliða. Sjóðurinn veitir styrki m.a. til almenns íþróttastarfs í formi ferðastyrkja með félagsliði, einstaklingsstyrkir sem breytast í fararstjórstyrki ef keppendur eru fjórir eða fleiri. Sjóðurinn veitir einnig ferðastyrki vegna landsliðsverkefna sem falla ekki undir afreksstyrkina.

Styrkveitingar 2023

Afreksstyrkir

EM félagsliða

1 x kr. 360.000 = kr. 360.000.

3 x kr. 1.200.000 = kr. 3.600.000.

Afreksstyrkir fullorðnir

1 x kr. 75.000 = kr. 75.000 EM / HM.

13 x kr. 90.000 = kr. 1.170.000 EM / HM

Afreksstyrkir unglingar / ungmenni

39 x kr. 90.000 = kr. 3.510.000. EM / EYOF / HM

Ferðastyrkir

Fararstjórástyrkir

17 x kr. 100.000 = kr. 1.700.000.

Einstaklingar með félagsliði

51 x kr. 40.000 = kr. 2.040.000.

Einstaklingar með landsliði

5 x kr. 40.000 = kr. 200.000.

149 x kr. 50.000 = kr. 7.450.000.

Samtals kr. 20.105.000. Fjöldi styrkja samtals 279.



Styrkveitingar 2024

Afreksstyrkir

EM félagsliða

2 x kr. 720.000 = kr. 1.440.000.

8 x kr. 1.200.000 = kr. 9.600.000.

Afreksstyrkir fullorðnir

18 x kr. 90.000 = kr. 1.620.000 EM / HM.

Afreksstyrkir unglingar / ungmenni

29 x kr. 90.000 = kr. 2.610.000 EM / HM.

Ólympíuleikar og Paralympics = kr. 2.000.000.

Ferðastyrkir

Fararstjórástyrkir

48 x kr. 100.000 = kr. 4.800.000.

Einstaklingar með félagsliði

7 x kr. 40.000 = kr. 280.000. 50 x kr. 45.000 = kr. 2.250.000

Einstaklingar með landsliði

24 x kr. 50.000 = kr. 1.200.000. 117 x kr. 55.000 = kr. 6.435.000.

Samtals kr. 31.515.000. Fjöldi styrkja samtals 305.



Reglugerð Afrekssjóðs ÍBH

Stjórn Afrekssjóðs ÍBH breytti reglugerðinni um sjóðinn 15. febrúar 2023.

Breytingarnar urðu eftirfarandi: Hækka upphæðir, landsliðsferð úr kr. 40.000 í kr. 50.000, ferð með félagsliði úr kr. 30.000 í kr. 40.000, fararstjórástyrkur úr kr. 80.000 í kr. 100.000, EM félagsliða, kr. 300.000 í kr. 360.000, kr. 500.000 í kr. 600.000, kr. 660.000 í kr. 792.000, kr. 1000.000 í kr. 1.200.000, kr. 1.200.000 í kr. 1.1440.000, afrekssstyrkir fullorðnir / unglinga / ungmenna kr. 75.000 í kr. 90.000.

Stjórn Afrekssjóðs ÍBH breyti reglugerðinni um sjóðinn 22. febrúar 2024.

Ákveðið var að hækka ferðastyrki, einstaklingur með landsliði úr kr. 50.000 í kr. 55.000 og einstaklingur með félagsliði úr kr. 40.000 í kr. 45.000. Einnig var samþykkt að greiða Ólympíuförum og Paralympicsförum kr. 1.000.000 þegar þátttökuréttur hafði verið staðfestur.



Stjórn Afrekssjóðs ÍBH breytti reglugerðinni um sjóðinn 8. nóvember 2024.

Breytingarnar urðu eftirfarandi: Texti varðandi ferðastyrki einstaklinga með félagsliði gerður skýrari.

Lið 3. breytt, sett inn 3.1 Ekki er úthlutað úr sjóðnum ef höfuðstóll fer undir upphæð í lið 2.1.1.



Smáþjóðaleikar 2023

Smáþjóðaleikarnir 2023 fóru fram á Möltu 28. maí til 4. júní.

Keppt var í tíu íþróttagreinum.

Aðildarfélög ÍBH áttu eftirfarandi keppendur á leikunum:

Magnús Gauti Úlfarsson borðtennis, Sól Kristínardóttir Mixa borðtennis, Elín Sóley Sigurbjörnsdóttir frjálsíþróttir, Ingvi Karl Jónsson frjálsíþróttir, Íris Anna Skúladóttir frjálsíþróttir, Kristófer Þorgrímsson frjálsíþróttir, Þórdís Eva Steinsdóttir frjálsíþróttir, Kjartan Christiansson siglingar, Veronika Sif Ellertsdóttir siglingar, Anton Sveinn McKee sund, Bergur Fáfniir Bjarnason sund, Birgitta Ingólfssdóttir sund, Birnir Freyr Hálfðánarson sund, Daði Björnsson sund, Hólmar Grétarsson sund, Jóhanna Elín Guðmundsdóttir sund, Katja Lilja Andriysdóttir sund, Kristín Helga Hákonardóttir sund, Símon Elías Statkevicius sund, Snorri Dagur Einarsson sund, Steingerður Hauksdóttir sund, Vala Dís Cicero sund og Veigar Hrafn Sigþórsson sund.



Ólympíuleikarnir í París 2024

Anton Sveinn McKee sundmaður úr Sundfélagi Hafnarfjarðar var eini íþróttamaðurinn úr aðildarfélögum ÍBH sem tók þátt í Ólympíuleikunum í París 2024. Hann keppti í tveimur greinum 100m bringusundi og 200m bringusundi. Anton hóf keppni á leikunum fyrstur Íslendinga 27. júlí, þar sem hann synti 100m bringusund. Hann sigraði sinn riðil á tímanum 1:00,62 mín. og varð í 25. sæti í greininni. 30. júlí synti hann 200m bringusund í undanrásum og fékk hann tímann 2:10,36 mín. Seinna sama dag synti hann í undanúrslitum og fékk tímann 2:10,42 og varð í 15. sæti. Flottur árangur hjá Antoni Sveini. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar óskar honum til hamingju með flottan árangur á leikunum og þakkar honum fyrir sitt framlag sem glæsileg fyrirmynd og afreksíþróttamaður. Afrekssjóður ÍBH veitti honum fjárstuðning að upphæð kr. 1.000.000 til undirbúnings og þátttöku í verkefninu. Myndirnar eru af Facebooksíðu SSÍ.



Paralympics Games París 2024

Róbert Ísak Jónsson sundmaður úr Íþróttafélaginu Firði / Sundfélagi Hafnarfjarðar var eini keppandinn úr aðildarfélögum ÍBH sem tók þátt í Paralympics Games 2024 í París. Hann tók þátt í 100m flugsundi í flokki S14. 29. ágúst synti hann í undanrásum og varð áttundi inn í úrslit sem fóru fram seinna sama dag. Í úrslitasundinu varð hann sjötti í 100m flugsundi á tímanum 57,92 sek. sem var einnig nýtt Íslandsmet. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar óskar honum til hamingju með uppbyggilega framkomu og glæsilegann árangur. Afrekssjóður ÍBH veitti honum styrk að upphæð kr. 1.000.000 til undirbúnings og þátttöku í Paralympics 2024.

Myndir eru af Facebooksíðu ÍF / Simone Castrovillari.




Fulltrúaráðsfundur ÍBH

10. október 2024

Haust fulltrúaráðsfundur ÍBH var haldinn í samkomusal Ásvalla hjá Knattspyrnufélaginu Haukum. Á dagskránni voru áhugaverðir fyrirlestrar og samtal milli félaganna. Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH setti fundinn og var fundarstjóri á honum. Stella Björg Kristinsdóttir fagstjóri forvarna- og frístundastarfs hjá Hafnarfjarðarbæ flutti fyrirlestur um vímuefnanotkun unglinga í Hafnarfirði og forvarnir.



Íris Svavarsdóttir og Sveinn Sampsted starfsmenn svæðisstöðvarinnar höfuðborgarsvæðið kynntu svæðisstöðvar í íþróttahreyfingunni og svæðisstöðina höfuðborgarsvæðið. Fulltrúar félaga greindu frá starfinu í sínu félagi. Díanna Guðjónsdóttir íþróttifræðingur og kennari við Flensborgarskólann var með fræðsluerindi um afrekssvið skólans, í haust voru 254 nemendur á sviðinu. Að lokum voru önnur mál, veitingar og spjall. 35 manns tóku þátt í fundinum. Myndirnar eru af fundinum.



76. Íþróttapening ÍSÍ 2023

Var haldið föstudag og laugardag 5. - 6. maí á Ásvöllum hjá Knattspyrnufélaginu Haukum í Hafnarfirði. 19 tillögur voru lagðar fyrir þingið. Fulltrúar ÍBH voru, Viðar Halldórsson, Ragnar Hilmarsson, Már Sveinbjörnsson, Aðalbjörg Óladóttir, Valgerður Sigurðardóttir og Elísabet Ólafsdóttir.



Hlín Ástþórsdóttir var sæmd Heiðurskrossi ÍSÍ á Íþróttapingi ÍSÍ 2023 fyrir langvarandi starf í þágu íþróttahreyfingarinnar.

Hlín var tilnefnd af Sundfélagi Hafnarfjarðar til stjórnarstarfa í sundhreyfingunni.

Hún var stjórnarmaður í Sundsambandi Íslands í 16 ár, þar af síðustu 11 ár sem varaformaður.

Hún var einnig starfsmaður Sundsambandsins um árabil. Hlín hlaut Gullmerki ÍSÍ árið 2017 og gullmerki ÍBH árið 2023.



53. Sambandsþing UMFÍ 2023

Var haldið 20. – 22. október á hóteli Geysi í Haukadal.

Fulltrúar ÍBH á þinginu voru, Hrafnkell Marinósson, Viðar Halldórsson, Guðrún Bjarney Bjarnadóttir, Hildur Vilhelmsdóttir, Guðjón Guðnason, Unnar Már Magnússon, Ólafur Þór Ágústsson og Elísabet Ólafsdóttir.

Þrjú hlutu hvatningarverðlaun UMFÍ

Hvatningarverðlaun UMFÍ voru veitt vegna sjálfbodaliða Tindastóls, verkefna Þróttar sem nær til nýrra markhópa og Special Olympics hjá Haukum. Ungmennasamband Skagafjarðar, Íþróttabandalag Reykjavíkur og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar hljóta viðurkenningarnar.

Thelma Knútsdóttir tók við viðurkenningunni fyrir hönd Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS), Ingvar Sverrisson fyrir hönd Íþróttabandalags Reykjavíkur og Hrafnkell Marinósson fyrir hönd Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, afhenti Hvatningarverðlaunin.




ÍBH afhendir Haukum Hvatningarverðlaun UMFÍ

Hvatningarverðlaun UMFÍ 2023 hlutu þrjú íþróttahéruð. Íþróttabandalagið í Hafnarfirði (ÍBH) var eitt þeirra. UMFÍ veitti ÍBH Hvatningarverðlaunin fyrir gott starf Knattspyrnufélagsins Hauka. Verðlaunin eru veitt Haukum fyrir að setja á fót og fylgja eftir starfi körfuknattleiksdeildar Hauka Special Olympics. Hvatningarverðlaununum fylgir fjárhæð að upphæð kr. 100.000 og eiga þeir fjármunir að renna í Special Olympics verkefni körfuknattleiksdeildar Hauka. Formaður ÍBH Hrafnkell Marinósson afhenti fulltrúum Special Olympics hóps Hauka Hvatningarverðlaunin á Ásvöllum mánudaginn 13. nóvember 2023. Á myndinni eru frá vinstri Bára, Kristófer, Thelma og Hrafnkell.



Aðalfundir og starfsskýrslur ÍSÍ

Íþróttafélögum og deildum ber að auglýsa aðalfundi samkvæmt lögum sem þau starfa eftir og tilkynna skrifstofu ÍBH um hvenær og hvar þeir eru haldnir. Öllum íþróttafélögum og deildum þeirra sem hafa eigin stjórn, ber að halda aðalfund árlega, þar sem starfsskýrsla og undirritaðir ársreikningar eru kynntir fyrir félagsmönnum til samþykktar. Félögin eiga að skila ársskýrslum og undirrituðum ársreikningum til ÍBH og íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar að loknum aðalfundum félaga, deilda og rekstrarfélaga. Hafnarfjarðarbær getur einnig gert athugasemdir við starfsskýrslur íþróttafélaga sem eru með þjónustusamning og rekstrarsamning við Hafnarfjarðarbæ á grundvelli samstarfssamnings ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar.



Öllum aðildarfélögum ÍBH og íþróttadeildum þeirra, ber að skila starfsskýrslum inn í félagakerfi íþróttahreyfingarinnar Abler, fyrir 15. apríl ár hvert. ÍBH ber ábyrgð á að starfsskýrslunum sé skilað til ÍSÍ í Ablerkerfið, ef það er ekki gert, geta félögin átt von á keppnisbanni frá ÍSÍ. ÍBH og ÍSÍ gera athugasemdir ef skýrslurnar þarfnast leiðréttingar. ÍSÍ enduropnar skýrslurnar fyrir þau félög sem þurfa að lagfæra þær og er ekki tekið á mótum þeim fyrr en félög hafa leiðrétt þær samkvæmt ábendingum ÍBH og ÍSÍ. Ef félög geta ekki skilað skýrslunum á réttum tíma ber þeim að sækja um frest á skilunum til ÍBH og ÍSÍ og tilgreina ástæður frestunar.

Árið 2023 skilaði fyrsta félagið inn starfsskýrslunni 4. apríl og það síðast skilaði henni inn 2. júlí 2023. Árið 2024 skilaði fyrsta félagið inn starfsskýrslunni 10. apríl og það síðasta 8. ágúst 2024.

Lottóúthlutun

Lottótekjur hækka á milli ára. Árið 2022 urðu þær kr. 3.454.432 að meðaltali á mánuði miðað við 12 mánuði, samtals kr. 41.453.184 yfir árið. Árið 2023 urðu þær kr. 3.950.641 að meðaltali á mánuði miðað við 12 mánuði, samtals kr. 47.407.635, í maí og í desember 2023 voru greiddar aukagreiðslu samtals kr. 5.244.635. Útbreiðslustyrkurinn 2023 var kr. 5.743.932. Árið 2024 urðu þær kr. 5.578.998 að meðaltali á mánuði miðað við 12 mánuði, samtals kr. 66.947.978, í desember greiddi ÍSÍ aukaarðgreiðslu kr. 3.795.914 og samþykkti stjórn ÍBH að hún færi í Afrekssjóð ÍBH og í sama mánuði greiddi UMFÍ einnig aukaarðgreiðslu kr. 3.863.258 og var hún greidd eftir lottóskiptireglum til aðildarfélaga ÍBH sem 13. greiðsla ársins. Útbreiðslustyrkurinn 2024 var kr. 2.712.027, fyrir fyrstu 6 mánuði ársins frá ÍSÍ.



ÍBH úthlutaði þessum tekjum beint út til félaganna að frádregnum 10% hluta sem varð eftir hjá ÍBH, ósóttir vinningar og útbreiðslustyrkur hafa einnig orðið eftir hjá ÍBH frá upphafi fyrir rekstri og útbreiðslu. Breytingar á árinu 2024. Frá og með júlí 2024 fór ÍBH að fá greiddar lottótekjur bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, hætt var að greiða útbreiðslustyrk sem leiddi til þess að 17% af heildarlottótekjunum urðu eftir hjá ÍBH frá og með október 2024, en var um 22% þegar ÍBH fékk eingöngu lottótekjur frá ÍSÍ með útbreiðslustyrk.



Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

ÍBH og ÍSÍ hvetja aðildarfélög og deildir þeirra til að stefna markvisst að því að sækja um viðurkenninguna „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“.

Golfklúbburinn Keilir fékk Fyrirmyndarfélag ÍSÍ viðurkenninguna í maí 2017, en hún gildir í fjögur ár. Hún var endurnýjuð og var Golfklúbburinn Keilir eina íþróttafélagið í Hafnarfirði sem var með gilda viðurkenningu árið 2023.



Sundfélag Hafnarfjarðar fékk afhenta gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndarfélag ÍSÍ laugardaginn 7. desember 2024 á jólamóti Sundfélags Hafnarfjarðar í Ásvallalaug. Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ afhenti viðurkenninguna. Fríða varaformaður SH tók við viðurkenningunni fyrir hönd félagsins ásamt stjórnarmönnum SH, starfsmönnum mótsins og iðkendum. Myndirnar er frá afhendingunni.





Fimmtudaginn 19. desember 2024 fékk **Badmintonfélag Hafnarfjarðar** afhenta gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Afhendingin fór fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Hörður Þorsteinsson gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSÍ afhenti félaginu viðurkenninguna fyrir hönd ÍSÍ. Um þrjár viðurkenningar var að ræða, félagið er Fyrirmyndarfélag ÍSÍ, **badmintondeild BH** er Fyrirmyndardeild ÍSÍ og einnig **borðtennisdeild BH** er líka Fyrirmyndardeild ÍSÍ. Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH var viðstaddur afhendinguna. Fyrir hönd félagsins voru það Erla, Anna Lilja og Jóhannes sem veittu viðurkenningunum viðtöku. Myndirnar eru frá afhendingunni.





Fyrirmyndaríþróttahérað ÍSÍ

ÍBH fékk fyrst afhenda gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ árið 2019. Á árlegri íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar sem fór fram miðvikudaginn 27. desember 2023 endurnýjaði ÍBH gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti ÍSÍ afhenti Hrafnkatli Marinóssyni formanni ÍBH viðurkenninguna. Stjórn ÍBH telur það vera mikilvægt að þaksamtök íþróttafélaga í Hafnarfirði hafi þessa gæðaviðurkenningu gilda sem er m.a. fordæmisgefandi fyrir íþróttafélög bæjarins og ætti að hvetja þau til dáða að gera slíkt hið sama.



Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 2023

Hin árlega Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar fór fram miðvikudaginn 27. desember 2023 í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Elín Klara Þorkelsdóttir handknattleikskona úr Knattspyrnufélaginu Haukum var kjörin íþróttakona Hafnarfjarðar og Anton Sveinn McKee sundmaður úr Sundfélagi Hafnarfjarðar var kjörinn íþróttakarl Hafnarfjarðar. Móðir Antons Sveins, Helga Margrét Sveinsdóttir tók við viðurkenningunni fyrir hans hönd. Kristinn Andersen forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar afhenti þeim viðurkenningar fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

Aðildarfélög ÍBH áttu 384 Íslandsmeistara 2023.

Afrekslið ársins 2023 í Hafnarfirði var meistaraflokkur kvenna og karla í frjálsíþróttum frá frjálsíþróttadeild FH.

Tuttugu hópar urðu bikarmeistarar, þar af ellefu í efsta flokki, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í kvennaflokki innanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í karlaflokki innanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í karla- og



kvennaflokki samanlagt innanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í kvennaflokki utanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í karlaflokki utanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í karla- og kvennaflokki samanlagt utanhúss, Íþróttafélagið Fjörður bikarmeistarar í sundi fatlaðra, Badmintonfélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í borðtennis blandað lið, Knattspyrnufélagið Haukar bikarmeistarar kvenna í körfuknattleik, Sundfélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í sundi kvennasveit og Sundfélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í sundi karlasveit.

Tvö lið urðu deildarmeistarar, eitt í efsta flokki, Badmintonfélag Hafnarfjarðar meistaraflokkur karla í borðtennis og hitt liðið var 3. flokkur karla í handknattleik hjá Knattspyrnufélaginu Haukum. Hafnarfjarðarbær veitir hópum sem verða Íslands-, bikar- eða deildarmeistarar í efsta flokki viðurkenningarstyrk að upphæð kr. 400.000 á titil á meistaraflokk.

Viðurkenning fyrir sérstök afrek. Guðmundur Bragi Ástþórsson, Kristófer Máni Jónasson, Andri Már Rúnarsson handknattleiksmenn úr Knattspyrnufélaginu Haukum, Einar Bragi Aðalsteinsson, Jóhannes Berg Andrason, Símon Michael Guðjónsson handknattleiksmenn úr Fimleikafélagi Hafnarfjarðar urðu bronsverðlaunahafar á HM U21 í handknattleik auk þjálfarans Einars Andra Einarssonar þjálfara hjá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar. Daníel Ingi Egilsson frjálsíþróttamaður Fimleikafélagi Hafnarfjarðar varð Norðurlandameistari í þristökki karla utanhúss. Sindri Hrafn Guðmundsson frjálsíþróttamaður Fimleikafélagi Hafnarfjarðar varð Norðurlandameistari í spjótkesti karla utanhúss. Birta María Haraldsdóttir frjálsíþróttakona Fimleikafélagi Hafnarfjarðar varð Norðurlandameistari í hástökki U20 kvenna utanhúss. Hera Christensen frjálsíþróttakona Fimleikafélagi Hafnarfjarðar varð Norðurlandameistari í kringlukasti U20 kvenna utanhúss. Ísold Sævarsdóttir frjálsíþróttakona Fimleikafélagi Hafnarfjarðar varð Norðurlandameistari í sjöpraut U18 kvenna utanhúss. Markús Marelsson kylfingur Golfklúbbnum Keili sigraði á Lubker junior mótinu og á Dresden junior mótinu. Axel Bóasson kylfingur Golfklúbbnum Keili sigraði á Big Green Swedish matchplay mótinu á Nordic league mótaröðinni. Vala Dís Cicero sundkona Sundfélagi Hafnarfjarðar

sígraði á Smáþjóðaleikunum í boðsundi 4 x 100m skriðsundi og 4 x 200m skriðsundi. Varð einnig Norðurlandameistari unglínga í 200m skriðsundi. Anton Sveinn McKee sundmaður Sundfélagi Hafnarfjarðar sígraði á Smáþjóðaleikunum í 100m bringusundi, 200m bringusundi og 400m fjórsundi, vann silfurverðlaun á Evrópumeistaramóti í 25m laug í 200m bringusundi. Birnir Freyr Hálfðánarson sundmaður Sundfélagi Hafnarfjarðar sígraði á Smáþjóðaleikunum í 200m fjórsundi. Jóhanna Elín Guðmundsdóttir sundkona Sundfélagi Hafnarfjarðar sígraði á Smáþjóðaleikunum í boðsundi 4 x 100m skriðsundi og 4 x 200m skriðsundi. Kristín Helga Hákonardóttir sundkona Sundfélagi Hafnarfjarðar sígraði á Smáþjóðaleikunum í boðsundi 4 x 100m skriðsundi og 4 x 200m skriðsundi. Steinn Jóhannsson sundmaður Sundfélagi Hafnarfjarðar sígraði á Norðurlandameistaramóti garpa í 400m fjórsundi flokkur 55-59 ára. Trausti Sveinbjörnsson sundmaður Sundfélag Hafnarfjarðar sígraði á Norðurlandameistaramóti garpa í 50m skriðsundi og 50m bringusundi flokkur 75-79 ára. Þórhallur Jóhannesson sundmaður Sundfélagi Hafnarfjarðar sígraði á Norðurlandameistaramóti garpa í 50m bringusundi flokkur 70-74 ára. Róbert Ísak Jónsson sundmaður Íþróttafélaginu Firði / Sundfélag Hafnarfjarðar sígraði á Norðurlandameistaramóti í paraðlokki (fatlaðir) í 200m fjórsundi. Emil Steinar Björnsson frjálsíþróttamaður Íþróttafélaginu Firði sígraði á Norðurlandameistaramóti í paraðlokki í spjótkasti og kringlukasti.

Tuttugu afreksmenn voru tilnefndir til kjörs á íþróttakarli Hafnarfjarðar og íþróttakonu Hafnarfjarðar.

Guðmundur Bragi Ástþórsson handknattleiksmaður Knattspyrnufélaginu Haukum, Axel Bóasson kylfingur Golfklúbbum Keili, Gabríel Ingi Helgason badmintonmaður Badmintonfélagi Hafnarfjarðar, Magnús Gauti Úlfarsson borðtennismaður Badmintonfélagi Hafnarfjarðar, Nicolo Barbizi dansari Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar, Hilmar Smári Henningsson körfuknattleiksmaður Knattspyrnufélaginu Haukum, Róbert Ísak Jónsson sundmaður Íþróttafélaginu Firði / Sundfélagi Hafnarfjarðar, Anton Sveinn McKee sundmaður Sundfélagi Hafnarfjarðar, Leo Anthony Speight taekwondomaður Fimleikafélagið Björk, Kolbeinn Höður Gunnarsson frjálsíþróttamaður Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Eowyn Marie Mamalias bogfimikona Bogfimifélaginu Hróa Hetti, Aníta Hinriksdóttir frjálsíþróttakona Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, Ingibjörg Erla Grétarsdóttir taekwondokona Fimleikafélagið Björk, Margrét Lea Kristinsdóttir fimleikakona Fimleikafélagið Björk, Vildís Edwinsdóttir snjóbrettakona Brettafélagi Hafnarfjarðar, Vala Dís Cicero sundkona Sundfélagi Hafnarfjarðar, Eva Margrét Kristjánsdóttir körfuknattleikskona Knattspyrnufélagið Haukar, Sara Rós Jakobsdóttir dansari Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar, Gerda Voitechovskaja badmintonkona Badmintonfélagi Hafnarfjarðar og Elín Klara Þorkelsdóttir handknattleikskona Knattspyrnufélaginu Haukum.

Íþróttakona Hafnarfjarðar 2023

Var Elín Klara Þorkelsdóttir handknattleikskona úr Knattspyrnufélaginu Haukum. Leikstjórnandi kvennaliðs Hauka í Olísdeildinni, var valin besti og efnilegasti leikmaður Olísdeildar kvenna á lokahófi HSÍ í maí 2023 síðastliðnum, þá aðeins 18 ára gömul. Einnig var Elín valin besti leikmaður kvennaliðs Hauka á lokahófi handknattleiksdeildarinnar. Þá var hún Íslandsmeistari með 3. flokki kvenna. Elín Klara var valin í A-landslíð Íslands sem tók þátt í HM í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.



Íþróttakarlf Hafnarfjarðar 2023

Var Anton Sveinn McKee sundmaður úr Sundfélagi Hafnarfjarðar. Anton er landsliðsmaður og árið 2023 vann hann þrjá Íslandsmeistararitla í 50m, 100m og 200 metra bringusundi. Á heimsmeistaramótinu í Fukuoka, í Japan, um sumarið, náði hann að komast áfram í úrslit í 200m bringusund á tímanum 2.09,50 mín. Þessi tími var hraðari en A-lágmark fyrir Ólympíuleikana á næsta ári í París og tryggði þátttöku hans þar. Hann lenti í öðru sæti á Evrópumestaramótinu í Rúmeníu í 200 metra bringusundi í desember. Anton æfir með atvinnumanna liðinu Virginia Tech University í Bandaríkjunum. Hann keppir og æfir með SH í öllum sínum fríum og heimsóknum til Íslands.



Afrekslið ársins í Hafnarfirði 2023

Afrekslið ársins í Hafnarfirði 2023 er karla- og kvennalið frjálsíþróttadeildar FH stóð sig frábærlega á árinu 2023. Liðið sigraði í öllum frjálsíþróttamótum þar sem keppt var til stiga á árinu, hlaut samtals 12 titla en hafði mest áður unnið 11 titla árið 2022. Þá unnust fjölmargir sigrar í einstaklingskeppni Meistaramóta Íslands og í Bikarkeppnum FRÍ. Í fullorðinsflokkum settu FH-ingar sex Íslandsmet á árinu og jöfnuðu eitt í tvígang. Auk þess gerðu FH-ingar víðreist á árinu og kepptu á fjölda móta erlendis með góðum árangri, unnu m.a. tvo Norðurlandameistaratitla í fullorðinsflokki einstaklinga. Árangur frjálsíþróttadeildar FH er einstakur árið 2023 og liðið vel að því komið að vera lið Hafnarfjarðar árið 2023.



Sérstök viðurkenning

Í fyrsta sinn, ákvað íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar að heiðra ákveðin aðila innan íþróttahreyfingarinnar fyrir frumkvöðlastarf og einstakan árangur. Um er að ræða íþróttamann sem nýverið lagði skóna á hilluna. Þessi íþróttamaður hefur verið fyrirmynd annarra og náð einstökum árangri á löngum keppnisferli sínum. Fyrsti íþróttamaðurinn til að fá þessa viðurkenningu er **Helena Sverrisdóttir**. Helena hóf ung að árum að stunda körfuknattleik í Haukum og fljótlega fór hún að sýna að þar væri afar mikið efni á ferð. Meistaraflokkur kvenna í Haukum var endurreistur um aldamótin og fljótt lét Helena að sér kveða sem einn allra besta leikmaður liðsins þó hún væri aðeins 13 ára gömul. Haukar fóru upp um deild fljótlega og tímabilið 2002-2003 léku Haukar og Helena í efstu deild.



Helena var einn allra besti leikmaður deildarinnar og á því tímabili var hún fyrst valin í A-landsliðið 14 ára gömul. Á næstu árum leiddi hún endurreisn Hauka í efstu deild kvenna þar sem liðið varð óstöðvandi og vann alla titla sem voru í boði. Eftir farsælan feril með Haukum fór hún í háskóla og lék með TCU háskólanum í Texas við góðan orðstír þar sem liðinu gekk vel. Er hún sú íslenska kona sem skorað hefur flest stig í bandaríska háskólaboltanum. Eftir fjögurra ára skólavist fór hún í atvinnumennsku í Evrópu og spilaði í Slóvakíu, Ungverjalandi og Póllandi. Lék hún í Euroleague með Good Angels Kosice frá Slóvakíu þar sem liðið fór alla leið í undanúrslit þessara sterkustu keppni Evrópu. Eftir atvinnumannaferilinn kom Helena heim og lék með Haukum og hjálpaði liðinu að verða Íslandsmeistari 2018. Eftir það fór hún erlendis að keppa aftur og þá til Póllands. Kom hún heim á miðju tímabili og gekk til liðs við Val og vann titla með þeim. Eftir Valsdvölina kom hún aftur í Hauka og hefur hjálpað liðinu að vinna titla en liðið er búið að vinna bikarmeistaratitilinn síðustu þrjú tímabil. Hún hefur oftast verið valin körfuknattleikskona ársins eða alls 12 sinnum. Hefur spilað flesta landsleiki allra kvenna með íslenska landsliðinu eða 81.

ÍSÍ bikar 2023

Brettafélag Hafnarfjarðar hlýtur ÍSÍ bikarinn 2023.

Á myndinni eru frá vinstri Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti ÍSÍ, Jóhann Borgþórsson formaður Brettafélags Hafnarfjarðar, Arnfríður Kristín Arnardóttir stjórnarmaður BFH, Hrafnkell Marinónsson formaður ÍBH.

Brettafélag Hafnarfjarðar hefur frá stofnun félagsins árið 2012 byggt upp öflugt félags- og íþróttastarf fyrir börn og unglinga í íþróttagreinum sem áður hafði ekki verið hægt að stunda með skipulegum hætti undir leiðsögn þjálfara.

Iðkendur félagsins eru nú á fjórða hundrað og er starf þess rekið í þremur deildum þ.e. hjólabrettadeild, snjóþróttadeild og hjólríðadeild. Brettafélag Hafnarfjarðar er aðili að tveimur sérsamböndum, Skíðasambandi Íslands og Hjólríðingasambandi Íslands, þar sem fulltrúar félagsins hafa tekið virkan þátt í að móta þjálfun, keppnisfyrirkomulag og mótahald.





Brettafélag Hafnarfjarðar starfrækir fjölmennustu snjóbrettadeild landsins og er annað fjölmennasta íþróttafélagið sem stundar skipulegar æfingar í Bláfjöllum. Þá hefur ungt snjóbrettafólk náð góðum árangri bæði innanlands og erlendis t.a.m. hefur félagið átt keppendur á Heimsmeistaramóti unglunga, International Childrens Winter Games, EYOF og mun eiga fulltrúa á Youth Olympic Games í janúar 2024 sem fram fer í Suður-Kóreu. Og nú hefur Vildís Edwinsdóttir brotið blað í sögu snjóbreittaíþróttarinnar á Íslandi með því að verða fyrst kvenna til að ná lágmarki fyrir íslenska snjóbreitta landsliðið. Þá eignaðist félagið átta Íslandsmeistara á snjóbrettum og koma bæði Íslandsmeistari kvenna og karla í fullorðinsflokki úr röðum Brettafélags Hafnarfjarðar.

Hjólreiðadeild BFH hefur byggt upp gríðarlega öflugt starf á stuttum tíma, þar sem foreldrar hafa lagt gríðarlega vinnu af hendi við uppbyggingu og mótun starfsemi fjallahjólreiðadeildarinnar. Á árinu 2023 átti félagið 17 bikarmeistara og 18 Íslandsmeistara, þ. á m. Í karla og kvennaflokki fullorðinna í Enduro og Íslandsmeistara kvenna í fullorðinsflokki í XCO (cross country). Þá átti félagið keppanda á Evrópumeistaramóti í fjallabruni sem fram fór í Frakklandi og Heimsmeistaramótinu í hjólreiðum í Glasgow. Efnilegasti hjólreiðamaður ársins kom úr röðum Brettafélags Hafnarfjarðar annað árið í röð. Að lokum þá er Brettafélag Hafnarfjarðar eina íþróttafélag landsins sem býður uppá skipulagðar æfingar á hjólabrettum og BMX freestyle hjólreiðum. Á annað hundrað barna- og unglunga stunda þessar tvær íþróttagreinar. Forsvarsmenn félagsins hafa unnið gríðarlegt frumkvöðlastarf í uppbyggingu þessara íþróttu og skapað iðkendum félagsins vettvang þar sem þau geta stundað sína íþrótt í öruggu umhverfi innan íþróttahreyfingarinnar. Fyrir tilkomu Brettafélags Hafnarfjarðar stunduðu þessi börn og unglingar sínar íþróttir í bílakjöllurum og á götum úti.

Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 2024

Föstudaginn 27. desember 2024 fór hin árlega Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Elín Klara Þorkelsdóttir handknattleikskona úr Knattspyrnufélaginu Haukum var kjörin íþróttakona Hafnarfjarðar og Daníel Ingi Egilsson frjálsíþróttamaður úr Fimleikafélagi Hafnarfjarðar var kjörinn íþróttakarl Hafnarfjarðar. Móðir Daníels Inga, Birna Björnsdóttir, tók við viðurkenningunni fyrir hans hönd. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði Rósa Guðbjartsdóttir afhenti þeim viðurkenningar fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

Aðildarfélög ÍBH áttu 382 Íslandsmeistara 2024.

Afrekslið ársins 2024 í Hafnarfirði var meistaraflokkur karla í handknattleik frá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar.

Þrettán hópar urðu bikarmeistarar, þar af tíu í efsta flokki, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í kvennaflokki innanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í karlaflokki innanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í karla- og kvennaflokki samanlagt innanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í kvennaflokki utanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í karlaflokki



utanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í karla- og kvennaflokki samanlagt utanhúss, Íþróttafélagið Fjörður bikarmeistarar í sundi fatlaðra, Badmintonfélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í borðtennis blandað lið, Sundfélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í sundi kvennaflokkur og Sundfélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í sundi karlaflokkur.

Fjögur lið urðu deildarmeistarar, tvö í efsta flokki, Badmintonfélag Hafnarfjarðar meistaraflokkur kvenna í borðtennis og Fimleikafélag Hafnarfjarðar meistaraflokkur karla í handknattleik. Meistaraflokkur kvenna hjá Knattspyrnufélaginu Haukum deildarmeistari í 2. deild í knattspyrnu. 4. flokkur karla í handknattleik hjá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar varð einnig deildarmeistari á árinu.

Hafnarfjarðarbær veitir hópum sem verða Íslands-, bikar- eða deildarmeistarar í efsta flokki viðurkenningarstyrk að upphæð kr. 400.000 á titil á meistaraflokk.

Viðurkenning fyrir sérstök afrek. Daníel Ingi Egilsson frjálsíþróttamaður úr Fimleikafélagi Hafnarfjarðar varð Norðurlandameistari í langstökki karla utanhúss. Aníta Hinriksdóttir frjálsíþróttakona úr Fimleikafélagi Hafnarfjarðar varð Norðurlandameistari í 1500m hlaupi kvenna utanhúss. Birta María Haraldsdóttir frjálsíþróttakona úr Fimleikafélagi Hafnarfjarðar varð Smáþjóðameistari í hástökki utanhúss. Hera Christensen frjálsíþróttakona úr Fimleikafélagi Hafnarfjarðar varð Norðurlandameistari í kringlukasti kvenna í U20 utanhúss. Ísold Sævarsdóttir frjálsíþróttakona varð Norðurlandameistari í sjöþraut kvenna í U18 utanhúss. Róbert Ingi Huldarsson badmintonmaður úr Badmintonfélagi Hafnarfjarðar varð Smáþjóðameistari í badmintoni í liðakeppni. Una Hrund Örvar badmintonkona úr Badmintonfélagi Hafnarfjarðar varð Smáþjóðameistari í badmintoni í liðakeppni. Ingibjörg Erla Grétarsdóttir taekwondokona úr Fimleikafélaginu Björk varð Norðurlandameistari kvenna í flokki -57 í bardaga. Leo Anthony Speight taekwondomaður úr Fimleikafélaginu Björk varð Norðurlandameistari karla í flokki -68 í bardaga.

Emilía Ýr Gunnarsdóttir sundkona úr Íþróttafélaginu Firði varð Norðurlandameistari í paraflökki (fatlaðir) í 200m fjórsundi. Róbert Ísak Jónsson sundmaður úr Íþróttafélaginu Firði / Sundfélagi Hafnarfjarðar varð Norðurlandameistari í paraflökki í 50m bringusundi og vann brons á Evrópumeistaramóti í paraflökki í 100m flugsundi. Emil Steinar Björnsson frjálsíþróttamaður úr Íþróttafélaginu Firði varð Norðurlandameistari í paraflökki í kúluvarpi og kringlukasti. Hanna Rún Bazev dansari úr Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar vann brons á Evrópumeistaramóti í latíndönsum í flokki atvinnudansara. Nikita Bazev dansari úr Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar vann brons á Evrópumeistaramóti í latíndönsum í flokki atvinnudansara. Steinn Jóhannsson sundmaður úr Sundfélagi Hafnarfjarðar varð Norðurlandameistari í 200m fjórsundi í flokki 55-59 ára karla.



Tuttugu afreksmenn voru tilnefndir til kjörs á íþróttakarli Hafnarfjarðar og íþróttakonu Hafnarfjarðar. Össur Haraldsson handknattleiksmaður Knattspyrnufélaginu Haukum, Róbert Ingi Huldarsson badmintonmaður Badmintonfélagi Hafnarfjarðar, Nicolo Barbizi dansari Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar, Ísak Jónsson knattspyrnumaður Knattspyrnufélaginu Haukum, Róbert Ísak Jónsson sundmaður Íþróttafélaginu Firði / Sundfélagi Hafnarfjarðar, Anton Sveinn McKee sundmaður Sundfélagi Hafnarfjarðar, Leo Anthony Speight taekwondamaður Fimleikafélagið Björk, Daníel Ingi Egilsson frjálsíþróttamaður Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, Aron Pálmarsson handknattleiksmaður úr Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, Róbert Ægir Friðbertsson hjólreiðamaður úr Hjólreiðafélaginu Bjarti, Guðbjörg Reynisdóttir bogfímikona Bogfímifélaginu Hróa Hetti, Irma Gunnarsdóttir frjálsíþróttakona Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, Ingibjörg Erla Grétarsdóttir taekwondokona Fimleikafélagið Björk, Vala Dís Cicero sundkona Sundfélagi Hafnarfjarðar, Þóra Kristín Jónsdóttir körfuknattleikskona Knattspyrnufélagið Haukar, Sara Rós Jakobsdóttir dansari Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar, Gerda Voitechovskaja badmintonkona Badmintonfélagi Hafnarfjarðar, Sól Kristínardóttir Mixa borðtenniskona úr Badmintonfélagi Hafnarfjarðar, Aníta Ósk Hrafnisdóttir frjálsíþrótt- og lyftingakona úr Íþróttafélaginu Firði og Elín Klara Þorkelsdóttir handknattleikskona Knattspyrnufélaginu Haukum.

Íþróttakona Hafnarfjarðar 2024

Var Elín Klara Þorkelsdóttir handknattleikskona úr Knattspyrnufélaginu Haukum.

Á tímabilinu 2023-2024 leiddi hún meistaraflokk Hauka til úrslita í Íslandsmótinu. Að tímabilinu loknu var Elín Klara valin besti leikmaður deildarinnar annað tímabilið í röð en Elín var einnig markahæsti leikmaður deildarinnar. Elín Klara átti fast sæti í A-landsliði kvenna á árinu sem tryggði sig inn á lokakeppni Evrópumóts í fyrsta skiptið í 12 ár. Elín Klara var þar í stóru hlutverki þar sem hún stýrði leik liðsins og var ein af markahæstu leikmönnum liðsins. Á árinu lék Elín Klara einnig með U-20 ára landsliðinu þar sem þær léku í lokakeppni HM og náðu 7. sæti sem er besti árangur liðsins fyrr og síðar.



Íþróttakarlf Hafnarfjarðar 2024

Var Daníel Ingi Egilsson frjálsíþróttamaður úr Fimleikafélagi Hafnarfjarðar.

Daníel hefur náð stórstígum framförum í langstökki og þrístökki síðustu þrjú ár. Hann varð m.a.

Norðurlandameistari í þrístökki árið 2023 með 15,98 m.

Á þessu ári komst Daníel í hóp þeirra allra bestu í heiminum í langstökki þegar hann varð

Norðurlandameistari með 8,21m og bætti þar með 28 ára gamalt Íslandsmet Jóns Arnars Magnússonar. Á

þessu ári er Daníel í 17. sæti bestu langstökkvara í

heimi. Afrek Daníels Inga er besta afrek FH-ings frá upphafi í frjálsíþróttum og fimmta besta afrek

Íslendinga í frjálsíþróttum frá upphafi skv. afreksstigum alþjóða frjálsíþróttasambandsins.



Afrekslið ársins í Hafnarfirði 2024

Var meistaraflokkur karla í handknattleik hjá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar.

Meistaraflokkur karla hjá FH varð bæði deildar- og Íslandsmeistarar á árinu. Liðið lék afar vel í deildarkeppninni á síðasta tímabili og endaði á því að tryggja sér deildarmeistaratitillinn í lokaumferð deildarinnar. FH varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn síðan 2011 og í 16. sinn innanhúss. FH-liðið tók einnig þátt í Evrópubikarnum á sl. tímabili og náði þar frábærum árangri.



Sérstök viðurkenning

Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar hefur ákveðið að heiðra ákveðin aðila innan íþróttahreyfingarinnar fyrir frumkvöðlastarf og einstakan árangur. Um er að ræða íþróttamann sem nýverið tilkynnti að hann væri hættur keppni. Í ár tilkynnti **Anton Sveinn Mckee** að hann hefði lagt keppnisskýlu sína á hilluna eftir farsælan feril sem einn af bestu íslensku sundmönnum og íþróttamönnum landsins fyrr og síðar. Íþrótt- og tómstundanefnd vill því nota tækifærið hér og nú og heiðra Anton. Hann byrjaði snemma eða 7-8 ára að æfa á venjulegum sundæfingum hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar. Um 12 ára aldur byrjar hann að komast í úrslit sundmóta, í kjölfarið hófst langur ferill sem skilar mörgum Íslandsmeistaratitlum í 200 til 1.500m skriðsundi, 400m fjórsundi og 50-200m bringusundi.



En í dag á hann 13 Íslandsmet og 8 Íslandsmet unglunga. Anton fékk námsstyrk fyrir háskólanámi í Alabama 2013-2017, þar sem hann breytti áherslum sínum í sundi úr langssundgreinum yfir í bringusundssérfræðing í styttri vegalengdum. Hann hélt áfram æfingum og keppni að mestu í Bandaríkjunum í Vestur-Virginíu eftir háskólanámið eða til 2023 sem atvinnumaður en keppti þess á milli með Íslandi og Sundfélagi Hafnarfjarðar þegar hann kom heim. Hann tók þátt í 8 Evrópumeistaramótum, með besta árangri sínum í spennandi úrslitasund í 200m bringusundi: 4. sæti í Belgrad júlí 2024. Hann tók þátt í 8 heimsmeistaramótum með góðum árangri og oft í 16 mannaúrslitum og besta árangur hans þar var 6. sæti í 200m bringsundi 2022 í Búdapest. Anton vann sér inn keppnisrétt á fjórum Ólympíuleikum, 2012 í London, 2016 í Rio, 2021 í Tókýó og loks núna 2024 í París með sinn besta árangur þar sem hann komst í 16 manna úrslit í 200m bringusundi. Hafnarfjarðarbær, íþrótta- og tómstundanefnd og Íþróttabandalagið í Hafnarfirði þakkar Antoni Sveini hér með fyrir framlag sitt sem afreksíþróttamaður og fyrirmynd fyrir ungt íþróttafólk. Árangur hans og ferill er einstakur og takk Anton Sveinn fyrir þitt framlag.

ÍSÍ bikar 2024

Sundfélag Hafnarfjarðar hlýtur ÍSÍ bikarinn 2024.

Félagið er eitt öflugasta og sigursælasta félag í sundi á Íslandi. Átti flesta Íslandsmeistaratitla á Íslandsmótum í sundi á árinu. Átti marga keppendur í unglingalandsliði og fullorðinslandsliði 2024. Keppendur félagsins tóku þátt í mörgum erlendum mótum á árinu og eignaðist félagið silfurverðlaun á EM og 3

Norðurlandameistaratitla. Félagið átti bæði keppendur á Ólympíuleikunum og Paralympics í sumar í sundi.

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH og Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti ÍSÍ afhentu Karli Georgi Klein formanni og Fríðu Kristínu Jóhannesdóttur

varaformanni Sundfélags Hafnarfjarðar bikarinn föstudaginn 27. desember 2024 á árlegri Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar.



Samningur ÍBH-Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar um stuðning fyrir íþróttastarfið yngri en 18 ára

Fyrri úthlutun 2023.

Mánudaginn 5. júní 2023 fór fram afhending íþróttastyrkja fyrir yngri en 18 ára iðkendur aðildarfélaganna Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) með athöfn í Álverinu í Straumsvík.

Rannveig Rist forstjóri Rio Tinto á Íslandi, Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH og Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjórinn í Hafnarfirði afhentu styrkina.

Samningur er í gildi fyrir árin 2022-2024 á milli Íþróttabandalagsins í Hafnarfirði, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar. Rio Tinto og Hafnarfjarðarbær greiddu 10 milljónir króna árið 2022 hvor aðili inn í samstarfið til stuðnings íþróttum barna og unglinga í Hafnarfirði.



Fyrir árin 2023 og 2024 var undirritaður viðauki sem fól í sér hækkun á upphæðinni upp í 22 milljónir króna 2023 og 24 milljónir króna 2024. Fyrirtækið setti inn í viðaukann BUSINESS INTEGRITY og settar voru inn hvatagreiðslur fyrir gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Samtals var verið að úthluta 12,1 milljónum króna í fyrri úthlutun ársins úr sjóðnum eða 55% vegna iðkendafjölda sem æfir reglulega í félögunum. Óskað var eftir umsóknum frá aðildarfélögum ÍBH og sóttu 12 félög um stuðning úr sjóðnum. Eftirtalin félög fengu stuðning út frá samningi og umsóknum:

Fimleikafélag Hafnarfjarðar kr. 3.764.334.

Knattspyrnufélagið Haukar kr. 2.758.691.

Fimleikafélagið Björk kr. 2.455.756.

Sundfélag Hafnarfjarðar kr. 965.614.

Brettafélag Hafnarfjarðar kr. 598.420.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar kr. 494.131.

Dansípróttafélag Hafnarfjarðar kr. 367.494.

Golfklúbburinn Keilir kr. 302.935.

Hestamannafélagið Sörli kr. 201.129.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar kr. 114.221.

Tennisfélag Hafnarfjarðar kr. 39.729.

Íþróttafélagið Fjörður kr. 37.246.

Samtals kr. 12.100.000.

Myndin er frá úthlutuninni.



Seinni úthlutun 2023.

Miðvikudaginn 27. desember 2023 fór fram afhending íþróttastyrkja fyrir yngri en 18 ára iðkendur aðildarfélaga Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) sen liður í dagskrá árlegrar Íþrótt- og viðurkenningarhátíðar bæjarins í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Bjarni Már Gylfason upplýsingafulltrúi Rio Tinto á Íslandi og Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH afhentu styrkina.

Samtals var verið að úthluta 9,9 milljónum króna í seinni úthlutun ársins úr sjóðnum eða 45% vegna þjálfaramenntunnar og gæðaviðurkenningarinnar Fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Óskað var eftir umsóknum frá aðildarfélögum ÍBH og sóttu 13 félög um stuðning úr sjóðnum. Eitt félag, Golfklúbburinn Keilir fékk kr. 450.000 fyrir gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og eru önnur aðildarfélög ÍBH og íþróttadeildir þeirra hvött til að stefna að því að fá gæðaviðurkenninguna.



Eftirtalin félög fengu stuðning út frá samningi og umsóknum um þjálfaramenntun:

Fimleikafélag Hafnarfjarðar kr. 2.875.597.

Knattspyrnufélagið Haukar kr. 2.153.878.

Golfklúbburinn Keilir kr. 811.933 + 450.000 = 1.261.933.

Sundfélag Hafnarfjarðar kr. 1.217.900.

Hestamannafélagið Sörli kr. 620.227.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar kr. 552.566.

Fimleikafélagið Björk kr. 473.628.

Dansípróttafélag Hafnarfjarðar kr. 293.198.

Íþróttafélagið Fjörður kr. 169.153.

Brettafélag Hafnarfjarðar kr. 112.768.

Bogfímifélagið Hrói Höttur kr. 112.768.

Blakfélag Hafnarfjarðar kr. 33.831.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar kr. 22.554.

Samtals kr. 9.900.000.

Myndin sýnir Bjarna Má

afhenda fulltrúum íþróttafélaga styrkinn.



Fyrri úthlutun 2024.

Afhending íþróttastyrkja fyrir yngri en 18 ára iðkendur aðildarfélaga Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) fór fram fimmtudaginn 27. júní 2024 með athöfn í Álverinu í Straumsvík.

Rannveig Rist forstjóri Rio Tinto á Íslandi, Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjórinn í Hafnarfirði og Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH afhentu styrkina.

Samningur er í gildi fyrir árin 2022-2024 á milli Íþróttabandalagsins í Hafnarfirði, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar. Rio Tinto og Hafnarfjarðarbær greiða 12 milljónir króna árið 2024 hvor aðili inn í samstarfið til stuðnings íþróttum barna í Hafnarfirði. Úthlutanir styrkja eru í júní annars vegar og hins vegar í desember út frá umsóknum félaga og reglum samningsins.

Samtals var verið að úthluta 13,2 milljónum króna í fyrri úthlutun ársins úr sjóðnum eða 55% vegna iðkendafjölda sem æfir reglulega í félögunum, þ.e. a.m.k. 2 sinnum í viku og fjóra mánuði yfir árið. Árið 2023 var sótt um stuðning vegna 4873 barna og árið 2024 var sótt um stuðning fyrir 5419 börn, fjölgun um 546 börn milli ára. Óskað var eftir umsóknum frá aðildarfélögum ÍBH og sóttu 13 félög um stuðning úr sjóðnum.



Eftirtalin félög fengu stuðning út frá samningi og umsóknum:

Fimleikafélag Hafnarfjarðar kr. 4.810.851.

Knattspyrnufélagið Haukar kr. 3.595.350.

Fimleikafélagið Björk kr. 1.456.653.

Sundfélag Hafnarfjarðar kr. 1.006.016.

Brettafélag Hafnarfjarðar kr. 777.044.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar kr. 455.508.

Dansípróttafélag Hafnarfjarðar kr. 399.483.

Golfklúbburinn Keilir kr. 309.356.

Hestamannafélagið Sörli kr. 199.742.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar kr. 104.743.

Blakfélag Hafnarfjarðar kr. 41.410.

Bogfímifélagið Hrói Höttur kr. 26.795.

Íþróttafélagið Fjörður kr. 17.051.

Samtals kr. 13.200.000.

Myndin er frá úthlutuninni af fulltrúum félaganna ásamt forstjóra Rio Tinto á Íslandi, bæjarstjóranum í Hafnarfirði og stjórnarfólki ÍBH.



Seinni úthlutun 2024.

Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar var haldin föstudaginn 27. desember 2024 í Íþróttahúsinu við Strandgötu, á henni fór fram afhending íþróttastyrkja fyrir yngri en 18 ára iðkendur aðildarfélag Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH).

Rannveig Rist forstjóri Rio Tinto á Íslandi og Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH afhentu fulltrúum aðildarfélag ÍBH styrkina.

Samningur er í gildi fyrir árin 2022 - 2024 á milli Íþróttabandalagsins í Hafnarfirði, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar. Rio Tinto og Hafnarfjarðarbær greiddu 12 milljónir króna hvor aðili inn í samstarfið til stuðnings íþróttum barna og unglinga í Hafnarfirði, samtals 24 milljónir króna árið 2024.

Hvatagreiðslur fyrir gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndarfélag ÍSÍ hófust árið 2023.

Samtals var verið að úthluta 10,8 milljónum króna í seinni úthlutun ársins úr sjóðnum eða 45% vegna þjálfaramenntunar og gæðaviðurkenningarinnar Fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Óskað var eftir umsóknum frá aðildarfélögum ÍBH og sóttu 11 félög um stuðning úr sjóðnum.

Tvö félög, Sundfélag Hafnarfjarðar og Badmintonfélag Hafnarfjarðar fengu kr. 450.000 hvort fyrir gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og bætast þau í hópinn með Golfklúbbnum Keili sem fékk viðurkenninguna 2023. Tvær íþróttadeildir, badmintondeild BH og borðtennisdeild BH fengu einnig kr. 450.000 hver fyrir gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndardeild ÍSÍ. Viðurkenningarnar gilda í fjögur ár. ÍBH hvetur önnur aðildarfélög ÍBH og íþróttadeildir þeirra til að stefna að því að fá gæðaviðurkenninguna.

Eftirtalin félög fengu stuðning út frá samningi og umsóknum um þjálfaramenntun:

Fimleikafélag Hafnarfjarðar kr. 3.809.904.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar kr. 733.227 + kr. 1.350.000 = kr. 2.083.227.

Sundfélag Hafnarfjarðar kr. 1.322.684 + kr. 450.000 = kr. 1.772.684.

Knattspyrnufélagið Haukar kr. 963.259.

Hestamannafélagið Sörli kr. 718.850.

Golfklúbburinn Keilir kr. 575.080.

Fimleikafélagið Björk kr. 273.163.

Dansípróttafélag Hafnarfjarðar kr. 273.163.

Brettafélag Hafnarfjarðar kr. 143.770.

Bogfímifélagið Hrói Höttur kr. 143.770.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar kr. 43.131.

Samtals kr. 10.800.000.

Myndirnar sýna Rannveigu Rist forstjóra
Rio Tinto á Íslandi og Hrafnkel Marinósson
formann ÍBH afhenda fulltrúum íþróttafélaga
styrkina.






Frístundastyrkir í íþrótt- og tómstundastarf

Frá desember 2023 hækkaði frístundastyrkurinn frá Hafnarfjarðarbæ úr kr. 4.500 á mánuði á barn í kr. 4.750, samtals kr. 57.000 að hámarki á ári. Styrkurinn er fyrir aldurinn 6 – 18 ára.

Myndin sýnir notkunarhlutfall eftir aldri árið 2023.



Afmæli aðildarfélaga

Íþróttafélag Hafnarfjarðar 40 ára
7. apríl 2023



Hestamannafélagið Sörli 80 ára
7. febrúar 2024



Golfklúbburinn Setberg
30 ára 27. nóvember 2024



Ný íþróttamannvirki


Brettafélag Hafnarfjarðar

Ný brettahöll opnuð 3. maí 2024. Brettafélag Hafnarfjarðar kom sér vel fyrir í nýrri og glæsilegri brettahöll að Selhelli 7. Aðstaða eins og hún gerist best í Evrópu, en hún er fyrir iðkendur á öllum aldri á hjólabrettum, hlaupahjólum, BMX og fjallahjólum.



Knattspyrnuhús Hauka

Er búið að vera í byggingu frá 12. apríl 2021, á 90 ára afmæli Knattspyrnufélagsins Hauka þegar skóflustunga var tekin að því. Stefnt var að því að vígja mannvirkið 27. desember 2024, en það frestaðist til 14. febrúar 2025.



Ný reiðhöll hjá Sörla

Laugardaginn 17. júlí 2021 var tekin skóflustunga að nýrri reiðhöll hjá Hestamannafélaginu Sörla. Ný reiðhöll er búin að vera í byggingu síðan þá. Stefnt er að því að taka hana í notkun vor / sumar 2025.



Forgangsröðun ÍBH

Næstu verkefni eru:

Finna þarf hentugt hús fyrir Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar.

Nýr golfvöllur – Golfklúbburinn Setberg í samstarfi við önnur íþróttafélög í Hafnarfirði.

Nýtt íþróttahús fyrir Fimleikafélagið Björk.



Viðhald í íþróttamannvirkjum

Viðhald íþrótta- og sundmannvirkja er alls um 20% af öllu viðhaldi mannvirkja Hafnarfjarðarbæjar og árið 2023 var gert ráð fyrir 106,8 milljónum kr. í verkefni og árið 2024 var gert ráð fyrir rúmum 100 milljónum kr. í verkefni.





Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar

Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar (ÍTH) og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) vinna saman að hinum ýmsu málum og verkefnum. Starfsmaður nefndarinnar er starfandi íþrótt- og æskulýðsfulltrúi bæjarfélagsins. Nefndin rekur íþróttamannvirki í eigu Hafnarfjarðarbæjar eða gerir samninga um rekstur þeirra við aðildarfélög ÍBH. Nefndin og starfsmenn hennar gera alla samninga við ÍBH og aðildarfélögin, s.s. samninga um uppbyggingu íþróttamannvirkja, þjónustusamninga, rekstrarsamninga og aðra samninga sem byggja á samstarfssamningi milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar. Formaður ÍBH á sæti í nefndinni sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt, framkvæmdastjóri ÍBH hefur verið varamaður hans. ÍBH þakkar starfsfólki nefndarinnar og ÍTH fyrir gott samstarf.



Fundir með bæjarstjóra og öðrum embættismönnum

Forsvarsfólk ÍBH fundar reglulega með bæjarstjóra, fulltrúum úr stjórn mála flokkum bæjarins og starfsmönnum bæjarfélagsins um þau málefni sem eru í brennidepli innan íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði hverju sinni. Stjórn ÍBH vill færa Rósu Guðbjartsdóttur bæjarstjórann í Hafnarfirði þakkar fyrir velvilja og samvinnu í sambandi við íþróttamál bæjarins. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar þakkar einnig öðrum bæjarfulltrúum, nefnarmönnum og embættismönnum sem hafa komið að málefnum íþróttahreyfingarinnar í sveitarfélaginu fyrir gott samstarf.



Samvinna íþróttafélaga og skóla

Á íþróttafreksbraut Flensborgarskólans voru skráðir nemendur á vorönn 2023, samtals 183 í eftirtöldum greinum, FH handknattleikur 12, FH knattspyrna 43, Haukar körfuknattleikur 17, Haukar handknattleikur 16, Haukar knattspyrna 32, SH 11, Keilir 4, FH frjálsíþróttir 4, aðrir 46. Haustönn 2023, samtals 202, í eftirtöldum greinum, FH handknattleikur 12, FH knattspyrna 41, Haukar körfuknattleikur 11, Haukar handknattleikur 19, Haukar knattspyrna 43, SH 16, Keilir 5, FH frjálsíþróttir 3, aðrir 52. Vorönn 2024, samtals 185 í eftirtöldum greinum, FH handknattleikur 11, FH knattspyrna 35, Haukar körfuknattleikur 11, Haukar handknattleikur 19, Haukar knattspyrna 36, SH 16, Keilir 4, FH frjálsíþróttir 3, aðrir 50. Haustönn 2024, samtals 236 í eftirtöldum greinum, FH handknattleikur 11, FH knattspyrna 59, Haukar körfuknattleikur 19, Haukar handknattleikur 19, Haukar knattspyrna 44, SH 19, Keilir 7, FH frjálsíþróttir 3, aðrir 55. Myndin er af Facebooksíðu Flensborgarskólans af nemendum íþróttafreksbrautar.



Myndin er af Facebooksíðu Flensborgarskólans af nemendum íþróttafreksbrautar.



Flensborgarhlaupið var haldið 17. september 2024, hlaupnar voru þrjár vegalengdir 3 km, 5 km og 10 km metþátttaka var í hlaupinu, skokkhópur Hauka og hlaupahópur FH aðstoðuðu við framkvæmd hlaupsins.

Myndirnar eru úr hlaupinu.



Nýir formenn aðildarfélaganna

Nýir formenn 2023

Formannaskipti urðu hjá handknattleiksdeild Hauka 2023 Þorgeir Haraldsson hætti og Þorkell Magnússon tók við.

Hjá frjálsíþróttadeild FH hætti Úlfar Linnet og Sigurður P. Sigmundsson tók við.

Rafn Emilsson hætti sem formaður klifurdeildar Björk og Björn Guðmundsson tók við.

Formannsskipti urður hjá ÍH, Ásbjörn Snorrason hættir og Jón Ásbjörn tók við af honum.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar skipti um formann, Haraldur Magnússon hætti og Gunnar Óli Guðjónsson tók við.

Hörður Svavarsson hætti sem formaður Fimleikafélagsins Björk og Hlín Benediktsdóttir var kjörninn nýr formaður.

ÍH endurvekur handknattleiksdeild formaður hennar verður Benedikt Elvar Skarphéðinsson.

Andri Jónsson hættir sem formaður Tennisfélags Hafnarfjarðar og Arnaldur Orri Gunnarsson tekur við.

Guðmundur Örn Óskarsson tekur við formennsku í Golfklúbbum Keili af Guðbjörgu Ernu Guðmundsdóttur.

Halldór Jón Garðarsson hættir sem formaður knattspyrnudeildar Hauka og Brynjar Viggósson tekur við.

Nýir formenn 2024

Hörður Þorsteinsson hættir eftir langa formennsku í Badmintonfélagi Hafnarfjarðar og tekur Erla Björg Hafsteinsdóttir við af honum.

Skylmingadeild FH tekin út, ekki haldnir aðalfundir og starfsskýrslum skilað.

Þorkell Magnússon hættir sem deildarformaður handknattleiksdeildar Hauka og Andri Már Ólafsson tekur við.

Kristinn Jónasson tekur við sem formaður körfuknattleiksdeildar Hauka af Braga Hinriki Magnússyni.

Muhammad Younas er formaður í Krikketklúbb Hafnarfjarðar sem er nýtt íþróttafélag.

Þórahallur Viðarsson er formaður í Skautafélagi Hafnarfjarðar sem er nýtt íþróttafélag.

Björn Guðmundsson hættir sem formaður klifurdeildar Björk, Páll Kolka Jónsson tekur við af honum. Atli Már Erlingsson er formaður í Pílukastfélagi Hafnarfjarðar sem er nýtt íþróttafélag.



Ný aðildarfélög

Frá síðasta þingi voru stofnuð þrjú ný íþróttafélög í Hafnarfirði.

Krikketklúbbur Hafnarfjarðar er nýtt aðildarfélag að ÍBH. Stofnfundur félagsins var haldinn að Rauðhelli 4 í Hafnarfirði þann 13. janúar 2024. Fundarritari stofnfundarins var Ester Ágústa Berg. Muhammed Younas var kosinn fyrsti formaður félagsins og aðrir í stjórn eru, Kamal Muhammad, Tajdar Kahn, Sher Shan Kahroti og Mian Quyyum Nazar. Félagið sótti um aðild að ÍBH og var aðildarumsókn félagsins tekin fyrir á stjórnarfundi ÍBH þann 8. maí 2024 og samþykkt. Félagið leggur stund á íþróttina krikket og fékk félagið afnot af Hamranesvelli við Hvaleyrarvatn í sumar fyrir keppisleiki.



Skautafélag Hafnarfjarðar er nýtt aðildarfélag ÍBH. Stofnfundur félagsins var haldinn þann 11. júní 2024. Viðar Garðarsson var fundarstjóri á fundinum. 39 einstaklingar skráðu sig sem félagsmenn á fundinum. Þórhallur Viðarsson var kosinn fyrsti formaður félagsins og aðrir í stjórn eru, Þóra Guðmundsdóttir, Ellert Þór Arason, Ingólfur Bjarnason og Elvar Freyr Hafsteinsson. Aðildarumsókn félagsins að ÍBH var tekin fyrir á stjórnarfund ÍBH þann 4. september sl. og samþykkt. Félagið hyggst leggja stund á íshokki og sendir karla lið til keppni í ár. Æfingaaðstaða félagsins verður fyrst um sinn í Egilshöllinni í Reykjavík.



Pílukastfélag Hafnarfjarðar er nýtt aðildarfélag ÍBH. Félagið sótti um aðild að ÍBH á haustmánuðum 2024. Aðildarumsóknin var tekin fyrir á stjórnarfundum ÍBH 6. nóvember 2024 og samþykkt. Félagið var stofnað 7. maí 1998 í félagsmiðstöðinni Vitanum þar sem nú er Bókasafn Hafnarfjarðar, sem tómstundafélag. Endurstofnfundur var árið 2020. Frá samþykktari inntöku inn í Íþróttabandalag Hafnarfjarðar er félagið íþróttafélag. Formaður félagsins er Atli Már Erlingsson og með honum í stjórn eru eftirtaldir, Viktoría Ósk Daðadóttir, Þórunn Lilja Þorsteinsdóttir, Kristinn Geir Pálsson og Gísli Svanur Svansson. Tilgangur félagsins er að iðka, efla og skipuleggja pílukast í Hafnarfirði og nágrenni, ásamt því að stuðla að þróun og bættu aðgengi að íþróttinni. Einnig mun félagið vinna í uppbyggingu á pílukasti fyrir ungmenni á svæðinu. Eins og stendur hefur félagið ekki aðstöðu en verið er að vinna í því að fá hana. Heimasíða félagsins er www.pfh.is.



Formannafundir ÍSÍ 2023 og 2024

Formannafundur 2023 var haldinn föstudaginn 24. nóvember hjá Fram Úlfarsárdal Reykjavík.

Formannafundur 2024 var haldinn föstudaginn 22. nóvember í félagsheimili Þróttar í Laugardal Reykjavík.

Höfuðborgarsvæðissamstarf

Á Íþróttahóli ÍSÍ í maí 2023 og á þingi UMFÍ í október 2023 voru tillögur um svæðisstöðvar á landsvísi samþykktar, í kjölfarið hófst aukið samstarf milli ÍBR, UMSK og ÍBH um það hvaða verkefni svæðisstöðin höfuðborgarsvæðið ætti að fá til viðbótar við þau verkefni sem eru tekin fram í samningi um þær.



Svæðisstöðvar í íþróttahreyfingunni


Samþykktar á þingum UMFÍ og ÍSÍ 2023 með stuðningi og framlagi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu til tveggja ára. Auk 15% af lottótekjum íþróttahéraða. Landinu var í kjölfarið skipt í átta svæði, hvert með 2-4 íþróttahéruðum innanborðs og tvo starfsmenn í fullu starfi á hverju svæði.

Hlutverk svæðisstöðvanna er að þjónusta íþróttahéruðin með samræmdum hætti í nærumhverfi sínu og efla íþróttastarf um allt land. Ennfremur að styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu, stuðla að farsæld barna og annarra sem nýta þjónustu íþróttahreyfingarinnar. Sérstök áhersla er lögð á að fjölga börnum og ungmennum með fatlanir, af erlendum uppruna og af tekjulægri heimilum í íþróttum. Myndin er af Sveini og Írisi sem voru ráðin svæðisfulltrúar höfuðborgarsvæðisins.



Þorramót Fjarðar í boccia

Íþróttafélagið Fjörður heldur árlega Þorramót í boccia og býður bæjarstjórnnum Hafnarfjarðar og Garðabæjar, ásamt stjórn ÍBH. Lið stjórnar ÍBH stóð sig frábærlega á mótinu laugardaginn 24. febrúar 2024 og sigraði mótið. Í liðinu voru, Anna Lilja Sigurðardóttir, Karl Georg Klein og Aðalbjörg Óladóttir.



Saga ÍBH

Saga ÍBH í 70 ár 1945 - 2015
kom út í nóvember 2023.

Verkið verður aðeins birt
rafrænt á heimasíðu ÍBH. ibh.is,
saga (flípi vinstra megin á
síðunni).



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR



Saga ÍBH í 70 ár
1945-2015



KNATTSPYRNA
HANDKNATTLEIKUR
FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR
KÖRFUKNATTLEIKUR
BLAK
FIMLEIKAR
KLIFUR
TÆKWONDO
SKYLMINGAR
LYFTINGAR
KARATE
BADMINTON
BÓRÐTENNIS
TENNIS
SUND
SKOTÍÞRÓTTIR
HESTAIÞRÓTTIR
SIGLINGAR
GOLF
DANS
BOCCIA OG
SUND FATLAÐRA
HNEFALEIKAR
HJÓLREIÐAR
ALMENNINGSIÞRÓTTIR

Lokaorð

Allir samstarfsaðilar undanfarin tvö ár fá þakkir fyrir samstarfið og velvilja í garð íþróttahreyfingarinnar.

Stjórnarmönnum allra íþróttagreina sem létu af störfum á tímabilinu er þakkað fyrir þeirra vinnuframlag til íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði.

Öllum sjálfboðaliðum er þakkað fyrir þeirra vinnuframlag, án þeirra er ekki hægt að sinna mótahaldi og öðrum viðburðum sem íþróttagreinar og félög taka að sér.

Íþróttafélög verða að endurskoða regluverkið sitt reglulega, sérstaklega er þetta mikilvægt í fjölgreinafélögum. Upplýsingaflæðið þarf að vera gott svo samstarf milli fólks í félögum og íþróttagreinum sé eins gott og hægt er á hverjum tíma.

Öll aðildarfélög ÍBH eru hvött til að bæta upplýsingagjöf til starfsmanna sinna og þjálfara, til iðkenda, forsjáraðila, fjölmiðla, bæjarbúa og stjórnmalámanna í gegnum heimasíður, samfélagsmiðla og vefmiðla. Það hagnast allir af góðri upplýsingagjöf.


Þakkir til bæjarblaðsins Fjarðarfrétta, sem hefur verið öflugt að fjalla um hafnfirskt íþróttalíf og að gera íþróttaviðburðum góð skil.

Fyrirmyndir í íþróttahreyfingunni s.s. iðkendur, þjálfarar og forystufólk í íþróttahreyfingunni verða að gæta að framkomu við aðra og vanda öll samskipti á opinberum vettvangi.

Að lokum, mikilvægt er að reyna að hafa sem flesta hluti í lagi, þannig að starfinu farnist vel, ekki hika við að setja ykkur markmið, reyna að ná þeim og skoða hvað hugsanlega betur mætti fara ef eitthvað er ekki að ganga nógu vel að ykkar mati.

Áfram íþróttir og Hafnarfjörður.

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH.



Takk
sjálfbærliðar

Rio Tinto

Stuðningsaðili barna- og unglingastarfs aðildarféлага ÍBH